

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 11. desember 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstur Helgason boðaði forföll. Brynhildur Þórarinsdóttir var veðurteppt á Akureyri. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2019

Tímasetning: Sú hugmynd kom fram að halda málræktarþingið í september en ekki í nóvember eins og verið hefur. Mikið er um viðburði í kringum dag íslenskrar tungu í nóvember og er það skýringin á þeirri hugmynd að hafa málræktarþingið ekki á sama tíma.

Efni: Aðgengi að orðabókum á netinu.

2. Bréf frá blaðamanni á Kjarnanum

Fyrirspurn barst frá blaðamanni á Kjarnanum um skoðun ÍM á aðgerðaáætlun mennta- og menningarmálaráðherra til eflingar íslenskrar tungu. Rætt var um aðgengi að orða- og málfarssöfnum á netinu almenningi að kostnaðarlausu og mögulegar útfærslur.

3. Norræna samstarfið

Sjá fg. stj. ÍM 7/2018, 6. lið. Ísland fer með forystu í samstarfi norrænu málnefndanna á næsta ári og eitt helsta verkefnið er að skipuleggja fund í Grænlandi ásamt gestgjöfunum. Fundurinn verður haldinn seinni hluta ágústmánaðar en undirbúningur er skammt kominn.

4. Hugmyndir frá fundi ÍM

Sjá fg. ÍM 2/2018, 4. og 5. lið. Bjarki Karlsson vakti athygli á því á fundi ÍM 8. nóvember að þörf væri á því að kynna betur nýjar greinarmerkjareglur en hann hefur tekið eftir því að prófarkalesarar þekki ekki reglurnar. Jafnframt vakti hann athygli á orðskiptingum og að best færi á því að skipta samsettum orðum um aðalsamskeyti, eins og fram kemur í endurskoðuðum ritreglum nr. 755/2018 (§ 33.1).

Stjórn ÍM tók undir það að þörf væri á því að kynna vel greinarmerkjareglurnar og að æskilegt væri að beina auglýsingum til þeirra sem vitað er að láta prófarkalesa texta, s.s. til dagblaða og forlaga.

5. Önnur mál

Hilmar Hilmarsson lagði til að skrifa Reykjavíkurborg til að spyrjast fyrir um framkvæmd málstefnu borgarinnar sem samþykkt var 2017. Það var samþykkt.

Fundi lauk kl. 15.25.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.